

Minnisblað starfsmanna (innra vinnuskjal)

Móttakandi: Bæjarráð
Varðandi: Frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002 og lögum nr. 80/2011, um breytingu á þeim lögum (rekstur heimila fyrir börn), 186. mál.
Nr. erindis 201311269/50.13
Dags.: 16.12.2013
Málefni: Umsögn framkvæmdastjóra fjölskyldusviðs

Bæjarráð Mosfellsbæjar, 1145. fundur 28.11.2013 vísaði erindi nefndarsviðs Alþingis vegna frumvarps til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002 og lögum nr. 80/2011, um breytingu á þeim lögum (rekstur heimila fyrir börn), sbr. 186. mál til umsagnar undirritaðrar.

Að mati undirritaðrar er það miður að ekki hafi skapast grundvöllur fyrir breyttri verkaskiptinu ríkis og sveitarfélaga í samræmi við lög nr. 80/2011. Lögin fólu m.a. í sér að jafn réttur barna til öruggrar umönnunar og meðferðar, í tilvikum þegar vista þarf þau utan heimilis forsjáraðila, var tryggður. Meðferð sem veitt er barni og forsjáraðila þess við slíkar aðstæður er alla jafnan sértæk og ætti undantekningalaust að vera á ábyrgð ríkisins. Ákvörðun um að falla frá gildistöku laga nr. 80/2011 felur í sér umtalsverða mismunum á möguleikum barna til þjónustu, auk þess sem ríkið varpar ábyrgð á þjónustunni og kostnaði vegna hennar yfir á sveitarfélögin.

Virðingarfyllst,
Unnur V. Ingólfssdóttir
framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs